

Félagafundur Pírata 8. ágúst 2015  
Sjávarútvegfundur.  
Tortuga.

23. mættir.

Fundarritarar:

Björn Leví Gunnarsson  
Sigurður Óskar Óskarsson

áætluð Dagskrá: 17:00-18:00

- Kynning á stefnutillögu um sjávarútvegs mál
- Önnur mál (byggðarmál)

Gunnar Ingiberg Guðmundsson biður fólk og gesti velkoma og hellur upp á kaffi.

Tillaga um sjávarútvegsstefnu kynnt:

Með tilvísun til eftirfarandi greinar í grunnstefnu Pírata

====

- 4.1 Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.
- 4.3 Upplýsingar eiga að vera aðgengilegar almenningi.
- 4.6 Píratar telja að allir hafi óskoraðan rétt til aðkomu að ákvörðunum sem varða eigin málefni, og rétt til vitneskju um það hvernig slíkar ákvarðanir hafi verið teknar.
- 6.3 Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem þjóðast.

Með hliðsjón af

====

- Stefnu Pírata um stjórnskipunar lög (<https://x.piratar.is/polity/1/document/35/>)

Álykta Píratar að

====

1. Ákvæði frumvarps stjórnlagaráðs til stjórnskipunar laga verði efnislega tekið upp í stjórnarskrá en það er svohljóðandi: “Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.”)

2. Íslenska ríkið, fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar, skal bjóða aflaheimildir upp til leigu á opnum markaði og skal leigugjaldið renna í rikissjóð og skulu öll úrslit uppboða vera opinberar upplýsingar.
3. Allur afli skal fara á markað til að gera viðskipti með sjávarútvegsafurðir heilbrigðari og bæta hag sjómanna, minni sjávarútvegsfyrirtækja og annara fyrirtækja sem vinna með afleiddar afurðir.
4. Allar upplýsingar frá vigtun og markaði s.s. tölfræði skulu vera opinberar.
5. Handfæraveiðar verði frjálssar þeim sem kjósa að stunda þær til atvinnu.
6. Störf Hafrannsóknarstofnunar skulu gerð gagnsæ og starfshættir hennar aðgenagilegir lmenningi. Ráðgjafaráð Hafrannsóknarstofnunar skal ekki skipað hagsmunaaðilum.
7. Tryggja skal eftirlitshlutverk Samkeppnisstofnunar í málaflokknum.
8. Stórefla skal landhelgisgæsluna að mannafla og búnaði til eftirlits og þjónustu við sjávarútveginn
9. Að láta sjómenn taka þátt í leigu á aflaheimildum skal gert refsivert.

## Greinargerð

===

1. Allar breytingar á aflamarkskerfinu eru gagnslausar án tryggðs eignarhalds þjóðarinnar. 34. Grein stjórnaskránnar er grundvallarbreyting þjóðinni í hag.
2. Útvegsmenn sjálfir, í gegnum virkan uppboðsmarkað, munu ráða því hversu mikið greinin borgar fyrir réttinn til að veiða. Þegar það er ríkið sem ákveður þess gjöld hafa útgerðarmenn og samtök þeirra gífurlega hagsmuni af því að skeykja rekstrar- og efnahagsreikninga sína til að stilla stöðunni þannig upp að greinin sé ekki vel greiðsluhæf og rökstyðja þannig lækkanir veiðigjalda. Markaðsverð á veiðiheimildum eins og það myndast á frjálsum uppboðsmarkaði hvetur greinina til þess að sýna hagnað af rekstri, til að mynda eðlilega eigið fé á efnahagsreikningum og forðast óeðlilega skuldsetningu enda mun eðlilegra rekstrarumhverfi leiða til uppyggilegra fjárfestinga innan greinarinnar og eðlilegra bókhaldshátta. Ennfremur er mikilvægt að uppæð þessa afgangsmyndist á markað því þá getur útgerðin ekkert lengur haldið því fram að verið sé að oftaka gjöld af greininni því útgerðirnar bjóða einfaldlega ekki hærra en það sem greinin rís undir.
3. Til að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og óheilbrigða verðmyndun á fisk og fiskafurðum skal öllum afla landað á fiskmarkað til vigtunar á vottuðum stöðum. Skal eftirlit vera með þeim hætti að erfitt reynist að skjóta undan kerfinu. Endurvigtunarleyfi útgerða skulu fjarlægð. Viðskiptatengsl vigtunaraðila við útgerð og aðra sem ættu hagsmuni að því að hagræða vigtun á að vera í algjöru lágmarki.  
í núverandi kerfi hafa útgerðir með eigin vinnslu leyfi til að endurvigta fisk eftir að hafnarvog og markaður hafa vigtað. Þetta leiðir af sér undanskotum frá kerfinu. Þegar fisk er landað beint til vinnslu er stuðlast við verðlagstofuverð sem yfirleitt er langt undir raunvirði fisksins þetta skilar sér síðan í lægri launum sjómanna og þar af leiðandi minni tekjuskattsheimtu. Einnig gefur þetta stærra aðilum óheilbriggt forskot á erlendum mörkuðum þegar þeir geta undirboðið aðra aðila um upphæðina sem sparast við að kaupa fiskin á lágu verði. Jafnframt þegar lóðréttu samþættingin er á þann veg að aðilar selji systurfyrirtækjum afurðir undir markaðsverði sem leiðir af sér að tekjurnar skila sér ekki til landsins. (útskýra betur)

4. Til að stemma af hvað kemur inn og hvað kemur út af markaði skal tölfræði vera gerð opinber og öllum aðgengileg. Markmiðið með þessu ákvæði er að með auðveldum hætti verði hægt að fylgjast betur með hve mikið raunverulega kemur úr hafinu.

5. Með frjálsum veiðum einstaklinga á handfæri skal stuðlað að nýliðum ásamt kærkominni búbót fyrir gjörvallt landið. Tilgangurinn er að hafa átyllu fyrir nýja aðila að komast inn í útgerð án þess að þurfa að standa undir útgjöldum við leigu á heimildum. Skal þetta háð skynsamlegum takmörkunum á fjölda leyfa á einstakling, lögaðila, tegundum báta.

6. Störf hafrannsóknastofnunar ákvarðanir og gögn þeim til rökstuðnings skulu gerð opinber. Einnig skulu hagsmunaðilar ekki hafa sæti í ráðgjafaráði stofnunarinnar og skal hagsmunapot víkja fyrir vísindum. Í augnablikinu er ráðgjafaráðið setið af tveimur aðilum tengdum hagsmunasamtökum jafnframt eru tveir ráðherraskipaðir í 7 manna ráði. Þetta skal víkja fyrir 7 manna óháðu ráði, þar sem enginn hefur fjáhagslegan ávinning af ákvörðunum ráðsins - beint eða óbeint, svo sem í gegnum nána ættingja.

7. Til að heilbrigð samkeppni geti átt sér stað þarf eftirlit innanlands sem utan til að tryggja að hver sá sem kys geti keppt á heilbrigðum markaðsforsendum.

8. Í augnablikinu er landhelgisgæslan starfrækt á þann veg að tæki hennar eru notuð í útleiguverkefni í miðjarðarhafi. Jafnframt er einungis ein þyrla starfrækt og ein áhöfn á hana við eigum tvær starfandi þyrlur og þriðju sem hefur ekki blindflugsbúnað ásamt því að vera ekki búin til næturflugs og björgunaraðgerða. Við leigjum þessar þyrlur og starfsemi gæslunar er það illa fjármögnuð að við neyðumst til að leigja út tækin sem við kaupum til þess að fjármagna störf.

9. Þekkt er í kvótakaupum að láta sjómenn taka þátt í kaupunum. Með þessu gætu útgerðir hækkað tilboð sitt í aflaheimildir á kostnað sjómanna. Þetta er ekki markmiðið með stefnunni.

Lagt fram að tillaga sé samþykkt með fyrirvara um lagfæringar á málfari. Samþykkt, enginn á móti.

Lagt fram að tillaga verði samþykkt inn í kosningakerfið. Samþykkt, engin atkvæði á móti.

Með tilvísun til eftirfarandi greina í grunnstefnu Pírata

===

- 6.3 Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem bjóðast.

Með hliðsjón af

===

- Ályktun Pírata að "Mögulegt verður að vera að sundurgreina tekjur ríkissjóðs og útgjöld eftir sveitarfélögum." úr stefnu um ríkissjóð og skattheimtu (<https://x.piratar.is/issue/58/>)

- Tekjuskatti og útsvari einstaklinga og fyrirtækja, þar sem einstaklingar greiða útsvar en ekki fyrirtæki.

\* <https://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/tekjuskattur-og-utsvar/>

\* <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/skattar-og-gjold/tekjuskattur/>

Álykta Píratar að

===

1. Ákveðið hlutfall skatta af rekstri og störfum fyrirtækja skulu í renna beint til þess sveitafélags þar sem starfsemi eða verslun fer fram.

Greinargerð

===

Dæmi um útfærslu:

- Af tekjuskatti fyrirtækja skal greiða útsvar til sveitafélaga þar sem viðkomandi fyrirtæki hefur tekjutengda starfsemi.

- Af virðisaukaskatti skal greiða útsvar til sveitarfélaga þar sem viðkomandi viðskipti (sala) eiga sér stað.

Markmiðið með þessari stefnu er að tekjur af starfsemi fyrirtækja í hverju sveitafélagi fyrir sig renni til sveitafélagsins í stað einungis til ríkisins. Byggðastyrkir, sem eru ákveðin tegund af fátækragildru, myndu að mestu leyti falla niður í staðinn. Það hvetur sveitafélagið til þess að halda uppi öfluglu atvinnulífi sem sveitafélagið sjálft nýtur góðs af. Markmið stefnunnar er ekki að leggja auknar álögur á fyrirtæki heldur að útsvarið verði hluti af því hlutfalli sem fyrirtæki greiða nú þegar í tekjuskatt.

Lagt til að tillaga verði samþykkt inn í kosningakerfið. Samþykkt, engin ákvæði á móti.

Fundi slitið: 17:50